
Ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði, Vesturbyggð Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 1. september 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vesturbyggð um fyrirhugaðar ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði, Vesturbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði í Vesturbyggð. Kynning á framkvæmdinni. Náttúrustofa Vestfjarða, Framkvæmdasýsla ríkisins, ágúst 2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 20. febrúar 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 6. febrúar 2018.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 9. mars 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. febrúar og tölvupósti dags. 15. mars 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. febrúar 2018.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 8. febrúar 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 28. febrúar og 1. og 12. mars 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þrjár samliggjandi hvilftir séu undir fjallsbrún innan Stekkagils og myndi upptakasvæði snjóflóða sem ógni byggð við Sigtún og Hjalla á Patreksfirði. Stór snjóflóð eru ekki þekkt á upptakasvæðunum og ekki búist við slíkum flóðum þar sem svæðin séu tiltölulega umfangslítill en þar sem byggð sé nærri fjallinu stafi henni hættu af meðalstórum snjóflóðum. Grjóthruns- og aurflóðahætta sé ekki talin alvarleg þó hún sé til staðar og hefur hún ekki áhrif á staðsetningu hættumatslína á svæðinu. Í desember 2015 var lokið við byggingu varnargarðs við Klif sem ver byggð neðan þess og til að tryggja frekar öryggi íbúa neðan fjallsins eru nú lagðar fram tillögur um byggingu ofanflóðavarna ofan Sigtúns og Hjalla. En einnig eru fyrirhugaðar ofanflóðavarnir ofan Urðargötu, Hóla og Mýra.



Hættumat

Í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, kemur fram að meta skuli hættu á ofanflóðum í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta sé talin á slíku. Í 11. grein reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða segi að staðaráhætta fólks í íbúðarhúsum, skólum, barnaheimilum, sjúkrahúsum, samkomuhúsum og sambærilegu teljist ásættanleg ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári. Við hönnun ofanflóðavarna ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði er miðað við að uppfylla þessar öryggiskröfur.

Framkvæmdalýsing

Í greinargerð kemur fram að um 400 m langur þvergarður verði byggður í slakka ofan byggðar og sé honum ætlað að stöðva snjóflóð af upptakasvæðum ofan íbúahverfisins milli Stekkagils í vestri og Litludalsár í austri. Hæð garðsins verður 6 – 11,5 m og er miðað við að rás ofan við garðinn verði grafin niður um 1 – 3 m að jafnaði frá núverandi yfirborði lands og muni hann því standa 5 – 9 m yfir óhreyfðu landi. Hæð garðsins sé mest um miðbik hans en lækki til beggja enda. Toppur garðsins verði 3 – 5 m breiður og öryggisgirðing verði reist við brúnina sem veit upp í hlíð.

Efnistaka

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að uppgröftur ofan varnargarðs verði nýttur við uppbyggingu hans. Yfirborðsjarðlög (moldarrík skriða) á svæðinu henta ágætlega til byggingar garðfláa. Jökulruðningur sem sé fyrir neðan yfirborðsjarðlög, henti einnig í varnargarða. Flatarmál efnistökusvæðisins fyrir framkvæmdasvæðið er um 25 þúsund m², heildarflatamál efnistöku og garðasvæðis, 41 þúsund m² og efnistaka framkvæmdarinnar 95 þúsund m³. Reynist þörf á betra efni en fáist úr skeringum í kjarna séu nokkur þúsund rúmmetrar af efni úr efnistökusvæði í Raknadalshlíð auk þess sem unnt sé að nýta umframefnismagn úr fyrirhuguðum framkvæmdum við Hóla, Mýrar og Urðir.

Vegtengingar

Fram kemur að aðkoma að framkvæmdasvæðinu verði eftir núverandi slóð innan byggðar, austan Litladalsár. Slóðin hafi verið lögð vegna framkvæmda við varnargarð við Klif (ofan sjúkrahúss og grunnskóla Patreksfjarðar). Ofan við garðinn verði slóð sem ætluð sé til aðkomu vegna umsjónar og viðhalds eftir að framkvæmdum lýkur.

Vatnsbúskapur

Fram kemur að frárennsli af svæðinu sé um framræsluskurði sem liggi ofan við efstu hús til austurs og vesturs. Skurðirnir leiði vatn niður í Stekkalæk að vestan og Litludalsá að austan. Gert sé ráð fyrir því að leiða yfirborðsvatn af garðsvæði og úr hlíðinni til austurs ofan við garðinn og út í Litludalsá. Jafnframt sé ráðgert að lokaðir framræsluskurðir verði til austurs neðan garðs, ofan lóða efstu húsa við Sigtún. Skurðirnir taki við vatni undan garði og er ekki talin ástæða til að leiða vatn undir garðinn í ræsum. Við endanlega hönnun verða útfærðar rennislisleiðir fyrir yfirborðsvatn við göngustíga á garðinum, svo vatn renni hvorki eftir stígum né rjúfi þá.

Frágangur í verklok

Í greinargerð kemur fram að frágangur á svæðinu miðist við að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar en jafnframt að svæðið nýtist til útivistar. Ofanflóðamannvirki verða löguð að umhverfi sínu með landmótun og dregið sem mest úr óæskilegum umhverfisáhrifum mannvirkjanna. Það verði gert með því að vinna skipulag sem felur í sér mótvægisáðgerðir við þær breytingar og það rask sem óhjákvæmilega kemur til með að hljóttast af framkvæmdinni. Skapað verður heildstætt og aðlaðandi útivistarsvæði.

Fram kemur að ásýnd garðsins verði gerð aðlaðandi með skógræktarsvæðum við jaðra þar sem raskað land mæti óhreyfðu. Dregið verði úr bratta garðsins neðst bæði til að milda ásýnd og móta



land sem skógræktarreiti. Einkum sé gert ráð fyrir skógrækt í jöðrum garðsins og við stíga í reiti sem teygja sig upp í gegnum hlíðar garðsins. Mikilvægt sé að nýta jarðveg á framkvæmdasvæðinu til að þekja allt raskað land og sá síðan í svæðin.

4 UMHVERFISÁHRIF

Ásýnd og landslag

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið sé um 6 ha að stærð í 42 - 81 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi framkvæmdarsvæðisins sé lítið, landið halli um 10 - 16° til suðvesturs, en halli aukist ofar dragi í fjallshlíðinni. Yfirborð sé fremur grýtt, gróf urð talsvert gróin með grasi, mosa og lyngi neðst. Alls séu fimm hús í töluverðri nálægð við áætlað framkvæmdarsvæði, Sigtún 1-9 í um 30-40 m fjarlægð frá fyrirhuguðum þvergarði. Varnargarðurinn muni breyta ásýnd hlíðarinnar en neðsti hluti garðsins verði mótaður þannig að dragi úr halla næst byggðinni. Með því muni garðurinn falla vel inn í hlíðina þar sem hann verði svipaður núverandi landhalla. Gróðursetning í fláafæti og upp í hlíðar varnargarðs muni milda sjónræn áhrif af garðinum. Ljóst sé að garðurinn muni hafa neikvæð sjónræn áhrif sökum nálægðar við byggð, einkum á meðan svæðið sé ekki gróið upp. Skóg- og trjárækt á jöðrum og upp í hlíðar varnargarðs muni draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Mikilvægt sé að leggja áherslu á uppgræðslu og að vinnu verði hagað þannig að sem minnstu verði raskað. Í heild muni framkvæmdin hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag.

Hljóðvist

Fram kemur að hávaði frá vinnuvélum geti valdið íbúum ónæði á meðan framkvæmdir standi yfir. Í reglugerð um hávaða séu takmarkanir á tímasetningu háværra framkvæmda, frá 7:00 - 21:00 á virkum dögum og 10:00 - 19:00 um helgar og almennum frídögum. Framkvæmdin muni hafa tímabundin talsverð neikvæð áhrif á hljóðvist á meðan á framkvæmdum standi.

Gróður

Fram kemur að stærsta gróðurlendið sem raskist sé mosi með grösum og smárunnum auk þess sem um 2 ha skógræktarsvæðisins muni raskast. Framkvæmdin hafi talsverð neikvæð áhrif á gróður en þau séu að hluta til afturkræf þar sem unnt sé að græða hluta af gróðurlendunum upp með því að varðveita svarðlag og dreifa því eftir að framkvæmdum ljúki. Fram kemur að ígildi þess gróðurs og jarðvegs sem eyðist muni verða grætt upp eins og kostur er.

Fuglar

Fram kemur að hrossagaukur, þúfutittlingur og skógarþröstur séu varpfuglar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og algengir sem slíkir á Íslandi og muni framkvæmdin hafa tímabundin áhrif á þessar tegundir. Þegar gróður hafi tekið við sér aftur eftir að framkvæmdum ljúki eigi að nýju að skapast búsvæði fyrir þær. Ólíklegt sé að tegundir á valista verpi á svæðinu.

Menningarminjar

Fram kemur að fjárrétt, fjárhúsgrunnur, hlaðinn garður og steiptur brunnur séu innan áhrifasvæðis framkvæmda. Framkvæmdirnar muni hafa veruleg neikvæð áhrif á fjárréttina en hinar minjarnar séu í hættu á að raskast. Fjárréttin hefur mikið minjagildi og mæli fornleifafræðingur Náttúrustofu Vestfjarða eindregið með því að henni verði ekki raskað.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er tekið undir með fornleifafræðingi um nauðsyn þess að fjárréttinni verði ekki raskað. Hún hafi mikið minjagildi og er hvatt til þess að kannað verði til hlítar hvort hægt sé að hanna varnargarðinn þannig að hún fái að standa óhreyfð. Verði það unnt telji Minjastofnun að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé mögulegt að útfæra snjóflóðavarnargarðinn þannig að fjárréttin geti verið áfram á sínum stað, verði gerð krafa um að halda henni. Hinar minjarnar verði afmarkaðar með merkingum á meðan á framkvæmdum standi.

Í frekari umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin geri þá kröfu að fjárréttinni verði ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ofanflóðavarnir á Patreksfirði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að varnirnar verði hannaðar með það að leiðarljósi að hlífa fjárréttinni.

Snjósöfnun við mannvirki

Í greinargerð kemur fram að norðan og norðaustanáttir geti haft í för með sér snjósöfnun í fláa neðan garðs og þar með inn á efstu lóðir við Sigtún og Hjalla. Ekki sé hægt að segja með vissu hver áhrif ofanflóðavarnanna verði á snjósöfnun og þ.a.l. skaflamyndun á lóðum næst garðinum. Æskilegt sé að fylgst verði með skaflamyndun ofan og neðan fyrirhugaðs þvergarðs og gripið til aðgerða verði hún á annan veg en hér sé gert ráð fyrir, t.d. með gróðursetningu trjáa og uppsetningu skjólgirðinga.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar. Áður en sveitarfélagið veitir framkvæmdaleyfi þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og samþykkt deiliskipulag af svæðinu. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa varnargarðanna á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin að í deiliskipulagi þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun og útfærslu garðanna með hliðsjón af ásýnd byggðar og tengslum við garðanna við hana. Afla þarf starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir vinnubúðum samkvæmt reglugerð um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða ofanflóðavarnir ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði, Vesturbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.16 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdirnar eru áfangi í heildaruppbyggingu ofanflóðavarna við þéttbýlið á Patreksfirði. Garðarnir verða umfangsmiklir eða samtals rúmlega 400 metra langir og 6 til 11,5 metrar á hæð. Þegar horft er til ásýndarbreytinga með tilkomu garðanna er ljóst að samlegðaráhrif verða með núverandi garði við Klif og fyrirhuguðum gördum ofan Urðargötu, Mýra og Hóla. Fram hefur komið að fyrirhugað sé að endanleg hönnun garðanna taki mið af umhverfi eins og mögulegt er og að þeir verði nýttir til útivistar þegar svæðið er fullfrágengið. Skipulagsstofnun tekur undir þær áherslur sem lagðar eru á mótun varnargarðanna og flóðrása í greinargerð framkvæmdaraðila. Í ljósi mikilvægis sjónrænna áhrifa þeirra á bæjarmynd og næsta nágrenni, telur stofnunin að í deiliskipulagi þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun og útfærslu garðanna með hliðsjón af ásýnd byggðar og tengslum við byggðina. Skipulagsstofnun telur að gangi það eftir að takist að milda áhrif garðanna með vandaðri hönnun þá kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar.

Mannvirkin eru eins og áður sagði mikil að umfangi en engin verndarákvæði taka hins vegar til framkvæmdasvæðisins. Á svæðinu er gömul fjárrétt sem Minjastofnun hefur bent á að hafi verndargildi. En fyrirhugað er að hanna mannvirki þannig að réttinni verði ekki spillt. Framkvæmdin er í efnislegu jafnvægi þannig að ekki þarf að flytja efni inn á svæðið. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu ofanflóðavarna ofan Sigtúns og Hjalla á Patreksfirði felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag og ónæði á framkvæmdatíma. Áhrif á landslag verða varanleg og munu garðarni hafa í för með sér breytingar á ásýnd svæðisins til frambúðar en með vandaðri landslagshönnun garðanna og flóðrásu auk markvissrar uppgræðslu mun verða hægt að draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkjanna á landslag í hlíðinni og tryggja að þeir falli vel að bæjarmynd. Nokkur neikvæð áhrif verða vegna ónæðis á framkvæmdatíma fyrst og fremst á þá sem búa næst framkvæmdasvæðinu en unnt er að minnka þau áhrif með takmörkun á vinnutíma. Mikilvægt er að framkvæmdaáform og tilhögun verði kynnt fyrir þessum íbúum. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. apríl 2018.

Reykjavík, 22. mars 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson